

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Steinahlíð

2017 – 2018



Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.
Vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi.

Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla	3
Leiðarljós leikskólans:.....	4
1. Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta leikskólaári.....	4
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun	5
2.1 Innra mat leikskólans.....	5
2.2 Ytra mat.....	6
2.3 Matsáætlun	6
3. Umbótaþættir.....	7
3.1 Málþroski, læstrarfærni og lesskilningur.....	7
3.2 Verk-, tækni- og listnám	8
3.3 Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi.....	9
3.4 Fjölmening.....	10
4 Aðrar áherslur í stafi leikskólans	11
5 Starfsmannamál	12
6.1 Starfsmannahópurinn 1. júní.....	12
6.2 Starfsþróunarsamtöl (skipulag, tímasetning).....	12
6.3 Símenntun frá síðasta ári (námskeið, hvaða hópar sóttu námskeið og fl.).....	12
6.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum.....	13
7. Aðrar upplýsingar	14
7.1 Barnahópurinn 1. júní.....	14
7.2 Foreldrasamvinna.....	14
7.3 Samstarf leik- og grunnskóla	14
7.4 Almennar upplýsingar	15
8. Fylgiskjöl	15

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Leiðarljós leikskólans: Virðing, vellíðan og sköpun

1. Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta leikskólaári

Segja má að síðasta skólaár hafi á heildina litið gengið vel, þó hafa mikil veikindi starfsmanna sett strik í reikninginn og valdið því að erfitt hefur verið að halda áætlan. Því miður er ekki útlit fyrir að haustið verði léttara þar sem tveir starfsmenn eru núna í leyfi vegna langtímaveikinda. Einnig tók lengri tíma að ráða sl. haust en oft áður og vorum við ekki fullmönnuð fyrir en í janúar 2017. Sérkennslustjóri tók til starfa í janúar og var það mikill léttir fyrir bæði leikskólastjóra og deildarstjóra. Sérkennsla hefur verið óvenju mikil þetta árið. Hluti af því starfsfólki sem ráðið var í haust/vetur hefur reynslu úr öðrum leikskólum, góða og mikla og með nýju fólki koma nýjar hugmyndir og áherslur.

Verkefni sem unnin eru á deildum hafa stundum verið ólík og finnst sumum við þurfa að sameinast betur um áherslur og leiðir. (sjá nánar í kafla um ytra mat).

Haustið 2016 var ákveðið að breyta tilhögun okkar vegna samstarfs við hjúkrunarheimlið í Mörkinni. Í stað þess að fara í hverri viku var ákveðið að fara einu sinni í mánuði og þá með stærri barnahóp hverju sinni. Fyrir heimsóknirnar höfum við æft nokkur lög og haft sameiginlegan söng með heldri borgurum.

Það er ljóst að í haust þurfum við að gera nokkrar breytingar á deildum þar sem aldurshópar barna eru mjög misstórir. Eftir nokkra umræðu varð niðurstaðan sú að elstu börnin sem eru aðeins 7 talsins verði að mestu leyti í Úthlíð. Börn fædd 2013 verði í Hlíð. Börn fædd 2014 verði í Kjarri og börn fædd 2015 og 2016 verði á Laut. Foreldrum voru kynntar breytingarnar og engin athugasemd vegna þessa barst leikskólanum.

Starfsmannahópurinn stefnir á náms- og kynnisferð vorið 2018 ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um hvert skal halda.

2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun¹

2.1 Innra mat leikskólans

Metið var hvernig okkur hefur gengið að ná settum markmiðum þ.e. þeim sem við settum okkur í síðustu starfsáætlun. Matið fer fram á skipulagsdögum, foreldrafundum, foreldraviðtölum, starfsmannaviðtölum, foreldraráðsfundum, starfsmannafundum og á deildarstjórafundum. Helstu gallar við þessar matsaðferðir er að fundir vilja of oft falla niður og því verður minna úr mati en fyrirhugað var.

Fyrir foreldraviðtöl eru fyllt út eyðublöð þar sem farið er yfir m.a. líðan barnsins, stöðu þess í barnahópnum og þroskaferil. Foreldrar og leikskólakennari ræða saman um hvernig best sé að halda áfram með vinnuna. Hljóm-próf er notað til að kanna hljómvitund elstu barnanna og niðurstaða þess fylgir með þeim gögnum sem fara í grunnskóla. Hvert barn á sína ferilbók.

Þessir þættir voru metnir:

- Umbætur vegna starfsáætlunar. Útbúin var tafla sem hengd var á kaffistofum þar sem markmið og framkvæmdaráætlun var sett upp með skýrum hætti. Taflan reyndist vel í upphafi þ.e.a.s starfsmenn tóku eftir henni og lásu. Þegar líða tók á veturinn varð taflan eins og hvert annað húsgang. Það er því ljóst að við þurfum að framkvæma þetta á annan hátt. Sjá umbótaáætlun fylgirit 1
- Umbætur vegna aðkomu barna að mati á leikskólastarfinu. Markmiðið var að leita fjölbreyttari leiða en við höfum hingað til gert til að fá fram álit barnanna á starfinu. Skráningar í máli og myndum hafa verið með svipuðum hætti og undanfarin ár þ.e. ferilbækur og skráningar á einstaka verkefnum. Leikskólastjóri hefur skoðað ýmsar aðferðir en engin endanleg niðurstaða komin í málið. Sjá umbótaáætlun fylgirit 1
- Umbætur vegna að komu foreldra í að meta framfarir barna sinna og koma á framfæri hugmyndum sínum. Við náðum ekki að gera allt sem við vildum gera varðandi þetta markmið. Umræður fóru fram á foreldrafundi og í foreldrasamtölum en engin skrifleg könnun gerð. Þessi þáttur kom þó betur út á viðhorfskönnun gerð í maí 2017 en sú sem gerð var vorið 2015. Sjá nánar um úrbætur í kafla um ytra mat og umbótaáætlun fylgirit 1
- Kaffitímar starfsfólks voru endurskoðaðir og ákveðið að hafa einn kaffitíma í stað tveggja. Starfsmenn hafa lýst ánægju sinni með fyrirkomulagið og verður því haldið áfram næsta skólaár.
- Áætlað var að fá nýjan Grænfána vorið 2017 en við ákváðum að hvíla verkefnið en leikskólinn hefur verið á grænni grein síðan 2003. Ástæðan var að okkur fannst við vera farin að endurtaka það sama, lítil þróun hafi átt sér stað og hugsanlega þurfum við að fara aftur á byrjunarreit varðandi ýmsa þætti umhverfismenntunar. Áfram verður þó starfandi umhverfisráð í Steinahlíð. Sjá umbótaáætlun fylgirit 1.

¹ Bent er á að nýta má fylgirit/skema um umbótaáætlun til að setja inn umbætur á grunni innra og ytra mats

- Áætlað var að byrja á endurmati á námskrá Steinahlíðar. Ekki vannst tími til þess en hafist verður handa í haust og byrjað á að sameinast um gildi/leiðarljós okkar. Sjá umbótaáætlun fylgirit 1.

2.2 Ytra mat

Vorið 2017 var gert ytra mat á starfinu í Steinahlíð. Matið var gert á vegum Skóla-og frístundasviðs. Tilgangur matsins var að kanna viðhorf foreldrar á starfi leikskólans. Svarhlutfall var 75%. Könnunin var rafræn og send á netföng foreldra. Almenn ánægja er meðal foreldra og allir þeir sem svöruðu telja að starfsfólkið þekki þarfir barnsins og styðji það vel í leikskólastarfinu. Fleiri eru þeirrar skoðunar að þeir taki þátt í að meta framfarir barns síns en í könnun gerð 2015. Hins vegar eru ennþá of margir sem telja að leikskólinn leiti ekki eftir hugmyndum og tillögum og of margir telja sig ekki þekkja gildi og stefnu leikskólans. Sjá umbótaáætlun fylgirit 1

Í starsmannakönnun sem gerð var í apríl kom fram að of mörgum starfsmönnum finnst þeir oft á tíðum vera undir of miklu álag, enda eins og áður hefur komið fram mikið um fjarveru starsmanna vegna veikinda. Í starfsmannaviðtölum kom einnig fram að starfsfólk vill meira/skýrara skipulag. Sjá umbótaáætlun Fylgirit 1

2.3 Matsáætlun/umbótaáætlun

Sjá umbótaáætlun og kafla 4 um aðrar áherslur í starfinu.

3. Umbótaþættir SFS

3.1 Í starfsáætlun skóla- og frístundsviðs 2017-2018 verður áfram lögð áhersla á fjóra umbótaþætti og sett fram dæmi um hlutverk starfsstaða fyrir hvern þeirra.

Í þessum kafla skal gerð grein fyrir hvernig leikskólinn hyggst dýpka sig í vinnu á þessum umbótaþáttum byggt á vinnu síðasta árs.

3.1 Málþroski, læstrarfærni og lesskilningur

Framtíðarsýn um málþroska, læsi og lesskilningur

- Öll börn í grunnskólum geti lesið sér til gagns.
- Samfella verði í móðurmálsnámi og þverfaglegt samstarf þar um í skóla- og frístundastarfi.
- Börn og unglingar verði gagnrýnir og meðvitaðir notendur fjölmiðla og samfélagsmiðla.
- Í öllu skóla- og frístundastarfi verði áhersla á læsi í víðum skilningi, t.d. umhverfislæsi og fjármálalæsi.

Dæmi um hlutverk starfsstaða:

- Beita snemmtækri íhlutun til að bregðast við niðurstöðum greininga um málþroskaröskun eða lestrarörðugleika og til þess að fyrirbyggja erfiðleika í þroska og námi.
- Efla samstarf við foreldra um læsi barna og ungmenna og skerpa á hlutverki þeirra í lestrarþjálfun barna alla skólagönguna.
- Vinna á markvissan hátt með bernskulæsi í leikskólum á grunni læsisstefnu leikskóla.
- Vekja áhuga barna og ungmenna á læsi á fjölbreyttan hátt.

Ef grunur leikur á að um málþroskaröskun sé að ræða er leitað til fagaðila í samráði við foreldra. Áhersla er lögð á að börn fái verkefni sem taka mið af hæfni þeirra og getu. Komið er til móts við sérþarfir í samráði við foreldra og fagaðila. Leikskólinn gefur foreldrum ráð um það hvernig megi örvar málþroska t.d. með lestri bóka, samræðum, að vera vikur hlustandi og leggja frá sér símann. Hugtakið bernskulæsi er gjarnan notað yfir það ferli sem á sér stað á leikskólaárunum og undirbýr börn fyrir lestrarnám síðar. Í námskrá leikskólans má sjá þær áherslur og leiðir sem leikskólinn hefur sett sér varðandi læsi.

Leikskólinn hefur gert áætlun um framkvæmd læsisstefnu og fyrirhugað var að endurskoða og koma með nýja og betri útgáfu. Sú vinna er hafin en ekki lokið en vonandi tekst okkur að klára það verkefni á haustönn. Sjá einnig kafla um 5.3 um símenntun starfsmanna á síðasta ári.

3.2 Verk-, tækni- og listnám

Framtíðarsýn um verk-, tækni- og listnám

- Skapandi starf verði grundvallarþáttur í námi og þroska barna og ungmenna þar sem stuðst verði við fjölbreytta kennsluhætti og vinnubrögð.
- Börn hafi jöfn tækifæri til verk-, tækni- og listnáms hvar sem þau búa í borginni.
- Börn og unglingar fái fjölbreytt tækifæri til óformlegs list-, tækni- og verknáms í frístundastarfi.
- Upplýsingatækni verði nýtt til að efla hæfni barna og ungmenna til að vinna úr upplýsingum og takast á við fjölbreytt og skapandi viðfangsefni.
- Unglingar fái verklega framhaldsskólaáfanga metna sem valgreinar í grunnskólanámi.

Dæmi um hlutverk starfsstaða SFS:

- Nýta fjölbreyttar leiðir til að vekja áhuga barna á verk-, tækni- og listgreinum í skóla- og frístundastarfi, m.a. í samstarfi við fagfélög og vinnumarkað.
- Finna leiðir til að vinna að nýsköpunarverkefnum.
- Vinna að því að nýta aðstöðu fyrir verk-, tækni- og listfræðslu þvert á skóla- og frístundastarf, t.d. sérgreinastofur, bókasöfn og útikennslusvæði.
- Efla enn frekar tækifæri á sviði verk-, tækni- og listnáms á vettvangi frístundastarfs.

Í námskrá Steinhlíðar segir m.a. um skapandi starf „Sköpun tengist öllum námsþáttum og verður skapandi hugsun til þegar einstaklingurinn fær að taka þátt í sköpunarferli á eigin forsendum og hvattur til sjálfstæðra vinnubragða“ (Námskrá Steinhlíðar bls:11). Efniviður þarf að vera margskonar og möguleikar til að kanna mismunandi aðferðir t.d. með sögugerð, leikrænni tjáningu, tilraunum, tónlist, dansi og myndmáli. Í fyrra settum við okkur það markmið að halda sýningu í garðinum með allskyns listaverkum. Sýningin var haldin og verður vonandi aftur á næsta skólaári en vonandi þá með fjölbreyttari efnivið. Sköpun er eitt að leiðarljósum Steinhlíðar en hugsanlega erum við ekki alltaf að leggja sama skilning á hugtakið sköpun í starfinu með börnunum. Sjá umbótaáætlun fylgirit 1

3.3 Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi

Framtíðarsýn um lýðræði jafnrétti og mannréttindi

- Börn og ungmenni verði með sterka sjálfsmýnd og meðvituð um almenn mannréttindi, jafnrétti kynja og staðalmyndir.
- Virðing verði borin fyrir réttindum og hæfileikum allra barna og ungmenna.
- Börn og ungmenni verði virk í ákvörðunum um eigið nám og starf.
- Lýðræðislegt gildismat mótist í öllu námi og starfi og börn og ungmenni læri til lýðræðis í gegnum lýðræðisleg vinnubrögð.

Dæmi um hlutverk starfsstaða SFS

- Auka áhrif barna og ungmenna á inntak, skipulag og forgangsröðun í skóla- og frístundastarfi.
- Leggja áherslu á frumkvæði barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi.
- Nýta niðurstöður rannsókna á nemendamiðuðu skóla- og frístundastarfi og hvetja starfsfólk til að sækja námskeið og ráðstefnur um lýðræðislegt skóla- og frístundastarf.
- Gæta jafnréttis á öllum sviðum og vinna að eflingu skóla- og frístundastarfs án aðgreiningar.
- Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar verði framfylgt á öllum starfsstöðvum SFS.
- Auka kynfræðslu í skóla- og frístundastarfi og efla kynjafræðipækkingu starfsfólks með áherslu á að nýta þekkingu úr kynja- og hinsegin fræðum.

Mikilvægt er að börn þroski með sér sterka sjálfsmýnd og tileinki sér tillitsemi og umburðarlyndi í samskiptum við aðra. (sjá einnig umbótaáætlun vegna þátttöku barna í mati á leikskólalastarfinu). Nauðsynlegt er að starfsmenn að þeir séu fyrirmynd barnanna varðandi samskipti hvort sem heldur er við börn eða foreldra. Allir eiga rétt á að njóta sín á eigin forsendum og því afar mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir framkomu okkar og staðalmyndum. Síðastliðið haust fengum við til okkar Kolbrúnu Hrund Sigurgeirsdóttur sem hélt fyrir okkur fyrirlestur sem bar yfirskriftina: Jafnrétti í starfi með börnum, af hverju skiptir það máli. Jafnréttisáætlun var yfirfarin og framkvæmdaráætlun gerð fyrir næsta skólaár. Sjá fylgirit 3

3.4 Fjölmening

Framtíðarsýn um fjölmeningu

- Fjölbreyttir kennslu- og starfshættir komi til móts við þarfir allra barna og ungmenna.
- Öll börn nái árangri í íslensku og börn með annað móðurmál verði studd til að viðhalda og efla það.
- Haft verði frumkvæði að samstarfi við foreldra.

Dæmi um hlutverk starfsstaða SFS:

- Eru með virka íslenskukennslu fyrir börn af erlendum uppruna með áherslu á virkt tvítyngi.
- Nýta möguleika til að vera með móðurmálskennslu fyrir börn af erlendum uppruna.
- Tryggja að öll börn hafi jafnt aðgengi að fjölbreyttu frístundastarfi, ekki síst börn af erlendum uppruna.
- Leita nýrra leiða til að efla samstarf við foreldra barna af erlendum uppruna.
- Leggja áherslu á gagnkvæma aðlögun og samskipti barna óháð uppruna.

Tungumálið er eitt mikilvægasta tæki mannsins til samskipta og því þurfa allir sem vinna með börn af erlendum uppruna að vera meðvitaðir um að örva börnin til að nota tungumálið og vera í samskiptum við börn og fullorðna. Samskipti við foreldra barnsins þurfa að vera góð og notast er við túlk þegar þörf er á því. Stundum er einnig notast við samskiptabók milli heimilis og leikskólans. Oft eru börn af erlendum uppruna í svokölluðum málörvunarhópum þ.e. í minni hóp þar sem unnið er sérstaklega með íslensku. Tveir starfsmenn sóttu fræðslufund um vef sem kallast Tungumál er gjöf og á skipulagsdegi var þessi vefur kynntur öllu starfsfólki. Einn Leikskólakennari sótti fræðslufund um móttöku, foreldrasamstarf og upplýsingar til foreldra vegna leikskólabyrjunar.

4 Aðrar áherslur í stafi leikskólans

Aðrar/fleiri áherslur sem hafa ekki nú þegar komið fram í starfsáætlun leikskólans

- Kynna okkur fleiri leiðir til að meta starfið í leikskólanum, matsaðferðir til styttri og lengri tíma. Fagfundir verði haldnir tvisvar í mánuði þar sem mat og matsaðferðir verða skoðaðar.
- Reyna að draga úr álagi starfsmanna m.a. með því að endurskoða og meta jafnt og þétt yfir allt árið skipulag deilda.

5 Starfsmannamál

5.1 Starfsmannahópurinn 1. júní

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Deildarstjóri	3	2,90%	Leikskólakennari
Leikskólakennari	2	1,75%	Leikskólakennari
Starfsmaður 2	5	500%	Framhaldsskóli
Leikskólaliði	1	0,90%	Leikskólaliði
Yfirmaður í eldhúsi	1	100%	Framhaldssóli
Umsjónarmaður sérk	1	0,70%	BS sálfræði
LeikskólaleiðbeinandiA	1	100%	Uppeldisfræði
Aðstoðarleikskólakennari	1	100%	120 ECTS leikskólakennarafræðum
Leikskólastjóri	1	100%	Leikskólakennari

5.2 Starfsþróunarsamtöl (skipulag, tímasetning)

Starfsþróunarsamtöl eru að jafnaði tekin einu sinni á ári á vorönn (mars-maí). Leikskólastjóri tekur viðtölin og fá starfsmenn afhenta umræðupunkta viku áður en samtalið fer fram. Deildarstjórar eða leikskólastjóri eiga samtalið við nýja starfsmenn eftir u.þ.b. einn mánuð í starfi.

5.3 Símenntun frá síðasta ári (námskeið, hvaða hópar sóttu námskeið og fl.)

- Fyrirlestur: Jafnrétti í starfi með börnum, af hverju skiptir það máli. Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir hélt fyrirlesturinn, allir starfsmenn.
- Þrír leikskólakennarar sóttu námskeið í Trass sem er matslisti sem mælir málþroska barna
- Einn starfsmaður stundar nám í leikskólakennarafræðum
- Einn starfsmaður stundaði nám í sálfræði
- Matræður sótti námskeið um fæðuofnæmi/fæðuþol
- Einn leikskólakennari fór á námskeið í íslenska þroskalistanum sem er matslisti um þroskastöðu barna.
- Umsjónarmaður sérkennslu sótti námskeið um einhverfu sem haldið var á vegum Greiningar – og ráðgjafastöð ríkisins.
- 2. Leikskólakennarar sóttu fræðslufundi um fjölmenningu. Um hvernig best sé að hátt

foreldrasamstarfi, móttöku, upplýsingagjöf við upphaf leikskólagöngu.

- Á starfsdegi í maí fóru allir starfsmenn í leikskólaheimsóknir að Teigaseli á Akranesi og í leikskólann Skýjaborg í Hvalfirði.

5.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum

- Á starfsdegi í september fáum við til okkar Vöndu Sigurgeirsdóttur og mun hún fræða okkur um það hvernig koma megri í veg fyrir einelti og áreitni.
- Einn starfsmaður stundar nám í leikskólakennarafræðum.
- Fræðsla um skapandi starf er fyrirhuguð á vorönn en dagsetning er ekki komin.
- Fræðsla um innra mat á leikskólastarfinu. Leikskólastjóri og annað fagfólk kynni sér aðferðir sem nýta má í þessu sambandi.
- Fyrirhuguð er náms – og kynnisferð erlendis í vor en ekki er búið að ákveða hvert verður haldið. Það eru þó einkum tveir þættir sem áhugi er á að kynnast betur, skapandi starf og útinám.

6. Aðrar upplýsingar

6.1 Barnahópurinn 1. júní

- Þann 1.júní 2017 voru 55 börn í Steinahlíð
- 28 stúlkur og 27 drengir
- Dvalarstundir voru 455,25
- 3 börn nutu stuðnings.
- 7 börn eru með annað móðurmál en íslensku.
- Fjöldi tungumála er 5.

6.2 Foreldrasamvinna

- Foreldraráð. Kosið er í foreldraráð á foreldrafundi í september ár hvert. Fulltrúar ráðsins eru þrír. Fundir eru haldnir í leikskólanum tvisvar til þrisvar á önn auk þess er notast við tölvusamskipti. Hlutverk foreldraráðs er kynnt á foreldrafundi og í fundarboði fyrir haustfund.
- Foreldrafundir eru haldnir 1-2 á ári. Á haustfundi er farið yfir það helsta í starfsáætlun, kosið í foreldraráð, stjórn foreldrafélags og umhverfisráð. Deildarstjórar fara yfir það helsta á hverri deild.
- Foreldraviðtöl eru að meðaltali tvisvar á ári í nóvember og í febrúar/mars. Undanfarin ár höfum við átt samtalið við foreldra áður en vistun hefst, við ákváðum að breyta til og sendum foreldrum upplýsingar í vor en ætlum að hafa viðtalið á meðan aðlögun stendur. Þessi tilhögun verður svo metin á komandi skólaári.
- Foreldrafélag er starfandi í Steinahlíð. Foreldrar borga í sjóð sem notaður er til að brydda upp á ýmsu skemmtilegu í og utan leikskólans. t.d. vorferð, aðkeyptir skemmtikraftar, drullumallsdagur, íþróttadagur og jólaskemmtanna.

6.3 Samstarf leik- og grunnskóla

- Nemendur úr 9. bekk koma í leikskólann og lesa fyrir elstu börnin oftast tvisvar á haustönn. Þegar elstu börnin fara í Vogaskóla að hausti eru þessir tveir árgangar vinahópur þ.e. 1. og 10. bekkur.
- Í desember er elstu börnunum boðið á Lúsíuhátíð í Vogaskóla.
- Skólaheimsókn í 1.bekk (heimsókn í 1 kennslustund og frímínútur) í mars.
- Okkur er boðið að koma á leiksýningu hjá 4. og 5. bekk á vorönn.
- Skriflegar upplýsingar fylgja milli skólastiga og haldin er skilafundur að vori í leikskólanum.
- Fundir beggja skólastiga eru haldnir að meðaltali tvisvar á önn.
- Nemendur úr Vogaskóla koma stundum í heimsókn í fallega garðinn okkar.

6.4 Almennar upplýsingar

Skipulagsdagar leikskólans eru sex á ári og þá daga er leikskólinn lokaður. Þrjár af þessum dögum eru skipulagðir í samráði við grunn – og leikskóla hverfisins. Á næsta starfsári eru það dagarnir 21.ágúst, 17.nóvember og 3.apríl. Hinir þrjár skipulagsdagar leikskólans verð 25.september, 9. og 11.maí.

7. Fylgiskjöl

7.1 Umbótaáætlun

7.2 Leikskóladagatal

7.3 Jafnréttisáætlun

7.4 Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Steinahlíð

Steinunn Jónsdóttir

1.ágúst 2017

Leikskólastjóri

Dagsetning

